

Dagskrá stjórnarfundar haldinn 6. júní 2023.

Mætt voru.

Helga Björg Gísladóttir (HBG), Atli Már Sigurðsson (AMS), Kara Arngrímsdóttir (KA), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH) og Árni Sigurgeirsson (ÁS).

Forföll boðuðu Svava H. Friðgeirsdóttir og Þórunn Anna Ólafsdóttir.

1. **Verkaskipting stjórnar:** Helga Björg Gísladóttir formaður, Atli varaformaður, Kara gjaldkeri, Svava ritari og Ólafur meðstjórnandi. Árni og Þórunn varamenn.
2. **Skipun í nefndir.** Stjórnin ákvað að senda póst á dansþróttafélögin og óska eftir að þau tilnefndu aðila í landsliðsnefnd, mótanefnd, fjáröflunar- og útbreiðslunefnd.
3. **Framkvæmdarstjóri.** Stjórn óskar eftir áframhaldandi starfskröftum Bergrúnar. Formaður fer í málið
4. **Styrkur fyrir fylgdarmenn junior para á mót erlendis.** Reglur DSÍ segja til um að styrkur sé fargjald x 1,5 frá Kef og þar til mótshaldari tekur við.
5. **Afreksstyrktargreiðslubeiðni frá Söru og Nico.** Styrkurinn verður að fullu greiddur um leið og reikningum fyrir kostnaði hefur verið skilað og þeir séu hærri en styrkirnir.
6. **Umboðsveiting til DK fyrir atkvæði Íslands á ársþingi WDSF.** Samþykkt veita fulltrúa DK umboð til að fara með atkvæði Íslands ársþingi WDSF.
7. **NEC.** Atli yfirgaf fundinn vegna hagsmunatengsla. Aðrir fundarmenn samþykktu að halda NEC 4. nóvember í Íþróttahúsinu við Strandgötu Hf. Lottó Open verður svo haldin þann 5. nóv.
8. **Fatnaður fyrir landslið/unga og efnilega.** Stjórn gaf framkvæmdastjóra leyfi til að skoða fleiri möguleika varðandi að láta útbúa búningana.
9. **Dagskrá landsliðs jún til des 23.** Stjórn ákvað að bíða eftir skipun nýrrar landsliðsnefndar og fara yfir fjárhagsstöðuna, sjá lið 10.
10. **Fjárhagsstaða landsliðs.** Kallað eftir gögnum frá afrekssjóði og staðan skoðuð á næsta fundi.
11. **Kostnaður vegna móta.** Google drive skjal með frumútreikningi á stöðu mótanna sent á stjórnarmenn. Þeir beðnir um að fara yfir skjalið. Staðan skoðuð á næsta fundi.
12. **Önnur mál.**

Formaður óskar yfir að stjórnarmenn skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu. Staðlað skjal er hægt að nálgast hjá ÍSí.

Formaður velti fyrir sér möguleikum á hvernig hægt væri að koma þörum sem ekki komast inn í landsliðið í unglíngum II inn í fræðslu og kennslu til þess að minnka brotfall úr dansi. Ósamræmi væri í að börn í unglíngum 1, sem að væru í sex efstu sætunum væru í afreksstarfi DSÍ en þegar þau færu upp í unglínga II þá séu einungis þrjú efstu í landsliðinu.

Kveðja.

Atli.